Fjármála- og efnahagsráðuneytið 17. janúar 2013

# Minnisblað

## Fráviksgreining vegna hugsanlegrar stóriðjuframkvæmdar PCC

Petro, carbon and chemical raw materials (PCC) hyggst byggja upp kísilverksmiðju á Bakka á norðurlandi og er gert ráð fyrir að fyrirhuguð framkvæmd muni hefjast á yfirstandandi ári. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið fór þess að leit við efnahagsskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að meta þjóðhagsleg áhrif framkvæmdarinnar og hliðarverkefna og nær greiningin til ársins 2017. Hliðarverkefnin sem um ræðir eru vegaframkvæmdir og jarðgöng, lóðaframkvæmdir og hafnargerð. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna orkuöflunar í þessari greiningu en áætlað er að orkuþörf verksmiðjunnar sé um 60 MW.

PCC áætlar að kostnaður við framkvæmdina sé um 170 milljónir evra (á verðlagi ársins 2012) sem dreifist á þrjú ár, frá 2013 til 2015. Kostnaður er færður til nafnvirðis samkvæmt gengis- og verðbólguspá Hagstofunnar frá því í nóvember 2012. Áætlunin gerir ráð fyrir að verksmiðjan byrji að skila tekjum árið 2016. Búist er við 127 störfum við verksmiðjuna þegar hún verður komin í fullan rekstur og má gera ráð fyrir að meiri hluti þeirra starfa verði ný störf á vinnumarkaðnum. Áætlað er atvinnuleysi muni dragast saman vegna þessa um 0,05 prósentustig árið 2016 og 2017. Kostnaður við hliðaverkefni er metinn á rúmlega 4 milljarða króna á verðlagi ársins 2012 og dreifist á árin 2013 til 2015. Heilt yfir eru framkvæmdirnar metnar á 31,7 milljarða á verðlagi ársins 2012.

Grunnspá greiningarinnar tekur mið af nóvember hagsspá Hagstofunnar en í henni var gert ráð fyrir umræddri fjárfestingu að hluta. Stuðst er við þjóðhagslíkan Hagstofunnar og því er um að ræða sambærilega aðferðafræði og Hagstofan beitir í sínum þjóðhagsspám. Í grunnspá greiningarinnar er búið að hreinsa út áður áætlaðan fjárfestingarkostnað og því er hún ekki að fullu leyti sambærileg við spá hagstofunnar frá því nóvember. Í fráviksspá greiningarinnar nú er síðan búið að bæta við núverandi mati á fjárfestingarkostnaðinum á árunum 2013 til 2015 og væntum útflutningstekjum af framleiðslunni árin 2016 og 2017.

Samkvæmt greiningunni þá eykst hagvöxtur á yfirstandandi ári vegna framkvæmdanna um 0,2 prósentustig og 0,1 stig á næsta ári. Vegna grunnáhrifa dregst hagvöxturinn saman vegna framkvæmdanna 2015 og 2016 en eykst lítillega á ný 2017 samfara auknum útflutningstekjum. Framkvæmdirnar hafa smávægileg þensluáhrif í för með sér sem hækkar lítillega vaxtastigið með smávægilegum neikvæðum áhrifum á almenna atvinnuvegafjárfestingu á móti jákvæðum áhrifum sem fjárfesting sem þessi hefur jafnan á tengda almenna atvinnuvegafjárfestingu. Samtals eykst fjárfesting um 31,4 milljarða á árunum 2013 til 2017 og landsframleiðslan um 33,2 milljarða sem er um 0,27% af væntri landsframleiðslu tímabilsins.

### Grunnspá (án framkvæmda)

| *Magnbreyting á milli ára* | ***2011*** | ***2012*** | ***2013*** | ***2014*** | ***2015*** | ***2016*** | ***2017*** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 2,7 | 3,5 | 2,5 | 3,1 | 3,0 | 3,2 | 3,4 |
| Samneysla | -0,9 | -0,3 | 0,3 | 0,1 | 0,7 | 1,2 | 1,5 |
| Fjármunamyndun | 12,8 | 10,3 | 3,3 | 17,1 | 0,7 | -1,0 | 8,8 |
| Atvinnuvegir | 25,1 | 13,3 | -1,0 | 19,8 | -4,8 | -8,7 | 7,0 |
| Atvinnuvegir án stóriðju | 7,9 | -0,4 | 29,2 | 7,3 | 17,1 | 22,6 | 8,0 |
| Stóriðja | 38,6 | -5,3 | 12,9 | 43,8 | -28,8 | -65,1 | 0,9 |
| Íbúðarhúsnæði | 8,6 | 16,4 | 18,2 | 15,1 | 15,3 | 14,1 | 11,9 |
| Starfsemi hins opinbera | -19,3 | -11,0 | 4,4 | 4,9 | 9,8 | 13,4 | 10,9 |
| Neysla og fjárfesting alls | 3,0 | 3,5 | 2,1 | 4,5 | 2,1 | 2,0 | 3,8 |
| Birgðabreytingar | 1,4 | 1,1 | 0,1 | 0,1 | 0,3 | 0,3 | 0,1 |
| Þjóðarútgjöld | 3,8 | 3,5 | 1,8 | 4,6 | 2,1 | 1,9 | 3,9 |
| Útflutningur alls | 4,1 | 5,0 | 3,0 | 2,8 | 4,2 | 3,9 | 2,6 |
| Innflutningur alls | 6,8 | 6,7 | 2,0 | 6,2 | 3,3 | 2,3 | 4,2 |
| **Verg landsframleiðsla** | **2,6** | **2,7** | **2,5** | **2,7** | **2,7** | **2,9** | **2,9** |
| *% af VLF* | | | | | | | |
| Vöru- og þjónustujöfnuður | 8,5 | 6,6 | 7,0 | 5,6 | 6,4 | 7,2 | 6,5 |
| Viðskiptajöfnuður | -7,1 | -7,6 | -3,3 | -4,7 | -8,2 | -7,6 | -3,3 |
| % | | | | | | | |
| Vísitala neysluverðs | 4,0 | 5,3 | 4,1 | 3,0 | 2,6 | 2,5 | 2,5 |
| Atvinnuleysi | 7,4 | 5,7 | 5,3 | 4,9 | 4,4 | 4,0 | 3,7 |
| Stýrivextir | 4,5 | 5,7 | 6,2 | 6,7 | 6,5 | 6,7 | 6,7 |
| *Breyting á milli ára* | | | | | | | |
| Gengisvísitala | 0,1 | 2,1 | 1,0 | 0,4 | 0,2 | 0,0 | 0,1 |
| Raungengi | 0,8 | 1,3 | 1,2 | 0,9 | 0,1 | 0,0 | -0,1 |

## Grunnspá – Nafnverð (millj.)

| | ***2012*** | ***2013*** | ***2014*** | ***2015*** | ***2016*** | ***2017*** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 925.206 | 985.986 | 1.046.479 | 1.105.354 | 1.168.494 | 1.238.476 |
| Samneysla | 432.403 | 450.767 | 465.232 | 481.216 | 499.474 | 519.667 |
| **Fjárfesting** | **260.148** | **285.290** | **346.359** | **359.270** | **364.540** | **407.659** |
| Atvinnuvegir | 179.186 | 190.643 | 237.504 | 232.361 | 216.391 | 237.798 |
| Íbúðarhúsnæði | 48.972 | 60.202 | 71.783 | 85.218 | 99.673 | 114.716 |
| Hið opinbera | 31.991 | 34.446 | 37.072 | 41.691 | 48.477 | 55.145 |
| Þjóðarútgjöld | 1.621.216 | 1.722.443 | 1.858.689 | 1.947.440 | 2.034.000 | 2.166.691 |
| Útflutningur | 1.027.574 | 1.090.432 | 1.169.194 | 1.259.978 | 1.341.278 | 1.414.797 |
| Innflutningur | 912.233 | 959.501 | 1.058.856 | 1.125.098 | 1.181.109 | 1.262.575 |
| **Verg landsframleiðsla** | **1.736.556** | **1.853.374** | **1.969.027** | **2.082.321** | **2.194.170** | **2.318.913** |

## Fráviksspá (með framkvæmdum)

| *Magnbreyting á milli ára* | **2011** | **2012** | **2013** | **2014** | **2015** | **2016** | **2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 2,7 | 3,5 | 2,5 | 3,1 | 2,9 | 3,1 | 3,3 |
| Samneysla | -0,9 | -0,3 | 0,3 | 0,1 | 0,7 | 1,2 | 1,5 |
| Fjármunamyndun | 12,8 | 10,3 | 7,2 | 16,2 | 1,3 | -4,7 | 8,8 |
| Atvinnuvegir | 25,1 | 13,3 | 3,3 | 18,9 | -3,5 | -13,7 | 7,1 |
| Atvinnuvegir án stóriðju | 7,9 | -0,4 | 29,3 | 7,2 | 16,5 | 22,1 | 8,0 |
| Stóriðja | 38,6 | -5,3 | 25,2 | 39,5 | -23,9 | -69,6 | 0,9 |
| Íbúðarhúsnæði | 8,6 | 16,4 | 18,2 | 15,1 | 15,4 | 14,1 | 11,9 |
| Starfsemi hins opinbera | -19,3 | -11,0 | 11,1 | 2,3 | 7,2 | 11,7 | 10,9 |
| Neysla og fjárfesting alls | 3,0 | 3,5 | 2,7 | 4,4 | 2,1 | 1,3 | 3,8 |
| Birgðabreytingar | 1,4 | 1,1 | 0,1 | 0,1 | 0,3 | 0,3 | 0,2 |
| Þjóðarútgjöld | 3,8 | 3,5 | 2,5 | 4,6 | 2,1 | 1,2 | 3,8 |
| Útflutningur alls | 4,1 | 5,0 | 3,0 | 2,8 | 4,2 | 4,4 | 2,9 |
| Innflutningur alls | 6,8 | 6,7 | 2,7 | 6,0 | 3,4 | 1,7 | 4,1 |
| **Verg landsframleiðsla** | **2,6** | **2,7** | **2,7** | **2,8** | **2,6** | **2,8** | **3,0** |
| *% af VLF* | | | | | | | |
| Vöru- og þjónustujöfnuður | 8,5 | 6,6 | 6,6 | 5,3 | 6,0 | 7,5 | 7,0 |
| Viðskiptajöfnuður | -7,1 | -7,6 | -3,7 | -4,9 | -8,5 | -7,3 | -2,8 |
| % | | | | | | | |
| Vísitala neysluverðs | 4,0 | 5,3 | 4,1 | 3,1 | 2,6 | 2,5 | 2,5 |
| Atvinnuleysi | 7,4 | 5,7 | 5,3 | 4,9 | 4,4 | 4,0 | 3,7 |
| Stýrivextir | 4,5 | 5,7 | 6,2 | 6,8 | 6,7 | 6,9 | 6,8 |
| *Breyting á milli ára* | | | | | | | |
| Gengisvísitala | 0,1 | 2,1 | 1,0 | 0,4 | 0,2 | 0,0 | 0,1 |
| Raungengi | 0,8 | 1,3 | 1,2 | 0,9 | 0,2 | 0,0 | 0,0 |

## Fráviksspá - Nafnverð

| | ***2012*** | ***2013*** | ***2014*** | ***2015*** | ***2016*** | ***2017*** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 925.206 | 986.192 | 1.047.311 | 1.106.101 | 1.168.330 | 1.237.519 |
| Samneysla | 432.403 | 450.767 | 465.232 | 481.216 | 499.474 | 519.667 |
| **Fjárfesting** | 260.149 | 295.965 | 356.627 | 372.041 | 363.372 | 406.509 |
| Atvinnuvegir | 179.186 | 199.081 | 246.259 | 244.338 | 214.949 | 236.273 |
| Íbúðarhúsnæði | 48.972 | 60.200 | 71.844 | 85.377 | 99.947 | 115.090 |
| Hið opinbera | 31.992 | 36.685 | 38.524 | 42.326 | 48.477 | 55.145 |
| Þjóðarútgjöld | 1.621.217 | 1.733.324 | 1.869.790 | 1.960.958 | 2.033.066 | 2.164.738 |
| Útflutningur | 1.027.572 | 1.090.375 | 1.168.947 | 1.259.420 | 1.348.123 | 1.425.843 |
| Innflutningur | 912.234 | 965.728 | 1.063.426 | 1.131.933 | 1.181.041 | 1.261.393 |
| **Verg landsframleiðsla** | 1.736.555 | 1.857.971 | 1.975.310 | 2.088.445 | 2.200.148 | 2.329.187 |

## Mismunur - Nafnverð (millj.)

| | *2013* | *2014* | *2015* | *2016* | *2017* |
|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 206 | 832 | 747 | -164 | -957 |
| Samneysla | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Fjárfesting** | 10.675 | 10.268 | 12.771 | -1.168 | -1.150 |
| Atvinnuvegir | 8.438 | 8.755 | 11.977 | -1.442 | -1.525 |
| Íbúðarhúsnæði | -2 | 61 | 159 | 274 | 374 |
| Hið opinbera | 2.239 | 1.452 | 635 | 0 | 0 |
| Þjóðarútgjöld | 10.881 | 11.101 | 13.518 | -934 | -1.953 |
| Útflutningur | -57 | -247 | -558 | 6.845 | 11.046 |
| Innflutningur | 6.227 | 4.570 | 6.835 | -68 | -1.182 |
| **Verg landsframleiðsla** | 4.597 | 6.283 | 6.124 | 5.978 | 10.274 |

## Mismunur

| *Magnbreyting á milli ára* | *2013* | *2014* | *2015* | *2016* | *2017* |
|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 0,0 | 0,0 | -0,1 | -0,1 | -0,1 |
| Samneysla | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Fjármunamyndun | 3,9 | -0,9 | 0,6 | -3,7 | 0,0 |
| Atvinnuvegir | 4,3 | -0,9 | 1,3 | -5,0 | 0,1 |
| Atvinnuvegir án stóriðju | 0,1 | -0,1 | -0,6 | -0,5 | 0,0 |
| Stóriðja | 12,3 | -4,3 | 4,9 | -4,5 | 0,0 |
| Íbúðarhúsnæði | 0,0 | 0,0 | 0,1 | 0,0 | 0,0 |
| Starfsemi hins opinbera | 6,7 | -2,6 | -2,6 | -1,7 | 0,0 |
| Neysla og fjárfesting alls | 0,6 | -0,1 | 0,0 | -0,7 | 0,0 |
| Birgðabreytingar | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,1 |
| Þjóðarútgjöld | 0,7 | 0,0 | 0,0 | -0,7 | -0,1 |
| Útflutningur alls | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 0,3 |
| Innflutningur alls | 0,7 | -0,2 | 0,1 | -0,6 | -0,1 |
| **Verg landsframleiðsla** | **0,2** | **0,1** | **-0,1** | **-0,1** | **0,1** |
| *% af VLF* | | | | | |
| Vöru- og þjónustujöfnuður | -0,4 | -0,3 | -0,4 | 0,3 | 0,5 |
| Viðskiptajöfnuður | -0,4 | -0,2 | -0,3 | 0,3 | 0,5 |
| % | | | | | |
| Vísitala neysluverðs | 0,0 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Atvinnuleysi | 0,0 | 0,0 | 0,0 | -0,05 | -0,05 |
| Stýrivextir | 0,0 | 0,1 | 0,2 | 0,2 | 0,1 |
| *Breyting á milli ára* | | | | | |
| Gengisvísitala | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Raungengi | 0,0 | 0,0 | 0,1 | 0,0 | 0,1 |